

SÓKNARÁETLUN AUSTURLANDS

2015 -2019

Samráðsvettvangur um gerð sóknaráætlunar

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	2
2.	Gildi Austurlands	3
3.	Hlutverk Austurlands.....	3
4.	Staða landshlutans	4
4.1.	Lýðfræði og þróun mannauðs	4
4.2.	Nýsköpun og atvinnuþróun	5
4.3.	Menningarmál	6
5.	Framtíðarsýn og meginmarkmið	6
5.1.	Lýðfræði og þróun mannauðs	6
5.2.	Nýsköpun og atvinnuþróun	7
5.3.	Menningarmál	7
6.	Aðgerðaáætlun	8
6.1.	Undirmarkmið - Lýðfræði og þróun mannauðs.....	8
6.1.1.	Bættar samgöngur.....	8
6.1.2.	Austurland fyrir alla	8
6.1.3.	Söfnun og miðlun upplýsinga	9
6.1.4.	Menntun á háskólastigi og tæknimenntun	9
6.2.	Undirmarkmið - Nýsköpun og atvinnuþróun	10
6.2.1.	Auðlindanýting í heimabyggð, kjarnaatvinnugreinar	10
6.2.2.	Gæðastjórnun í þjónustu.....	10
6.2.3.	Uppbygging menntunar í tengslum við atvinnulíf	10
6.2.4.	Skattalöggjöf, aukin fjárfesting í rannsóknum og nýsköpun	10
6.3.	Undirmarkmið - Menningarmál.....	11
6.3.1.	Listmenntun.....	11
6.3.2.	Atvinnustarfsemi í listum.....	11
6.3.3.	Menningarlæsi og -þátttaka	11
6.3.4.	Söfn, setur og rannsóknir	12
6.4.	Verkefni 2016-2019	12
6.4.1.	Lýðfræði og mannauður	12
6.4.2.	Nýsköpun og atvinnuþróun	12
6.4.3.	Menningarmál	13
7.	Innleiðing, mat og endurskoðun	13
8.	Samantekt.....	13

1. Inngangur

Í nýjum samningi um sóknaráætlun 2015-2019 sem undirritaður var í febrúar 2015 milli atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi er kveðið á um gerð nýrrar sóknaráætlunar landshlutans fyrir sama tímabil.

Þar kemur fram að sóknaráætlunin sé þróunaráætlun landshlutans og feli í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið til að ná fram þeirri framtíðarsýn. Forgangsröðun verkefna skal byggja á sóknaráætlun landshlutans sem gerð er til 5 ára en hægt er að uppfæra hana innan tímabilsins. Í samningnum segir að áætlunin skuli að lágmarki marka stefnu landshlutans í eftirfarandi málaflokkum:

- Menningarmálum.
- Nýsköpun og atvinnuþróun.
- Uppbyggingu mannauðs.
- Lýðfræðilegri þróun svæðisins.

Sóknaráætlun skal einnig taka til samstarfs við aðra landshluta þar sem um er að ræða skörun á atvinnu- og þjónustusóknarsvæðum og byggja á eftirfarandi stöðum:

- Greiningu á stöðu svæðisins.
- Stefnumótandi áherslum samráðsvettvangs í landshlutanum.
- Svæðisskipulagi, þar sem við á.

Í samningnum er gert ráð fyrir að landshlutasamtökin skipi samráðsvettvang þar sem tryggð er sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Gæta skal lýðræðis-, búsetu- og kynjasjónarmiða. Landshlutasamtökin skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangs og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar. Kveðið er á um að samráðsvettvangurinn skuli koma saman að minnsta kosti árlega og ræða framgang sóknaráætlunar.

Óskað var eftir því við sveitarstjórnir í landshlutanum að skipa sinn fulltrúa og þá var einnig óskað eftir tillögum frá þeim um „sérfræðinga“ af sínu svæði er tengjast eftirfarandi málaflokkum: atvinnulífi, menningu, nýsköpun/skapandi greinum, rannsóknum og menntun. Úr þeim hópi vann framkvæmdaráð tillögur fyrir stjórn SSA sem miðuðu að því að tryggja að ákvæði 4. greinar samnings um sóknaráætlunar væru uppfyllt. Stjórn SSA samþykkti tillögu framkvæmdaráðs. Alls voru 25 aðilar skipaðir í samráðsvettvanginn.

SSA fól Austurbrú framkvæmdina við gerð sóknaráætlunar. Elfa Hlín Pétursdóttir leiddi þá vinnu en auk hennar komu ýmsir starfsmenn stofnunarinnar að verkefninu. Haldnir voru tveir fundir samráðsvettvangsins, þann 4. og 18. maí. Á milli funda voru fyrstu drög að Sóknaráætlun gerð og samráðsvettvangurinn fékk þau send fyrir seinni fundinn. Að loknum breytingum í kjölfar seinni fundarins var skjalið sent til umsagnar hjá sveitarstjórnnum og öðrum hagsmunaaðilum. Þá voru drögin einnig birt á heimasíðu Austurbrúar og fólki bent á að koma athugasemdum til verkefnisstjórans. Sautján athugasemdir bárust, bæði frá sveitarfélögum, einstaklingum og öðrum haghöfum á Austurlandi.

Gert er ráð fyrir að samráðsvettvangurinn hittist árlega í framhaldinu á gilditíma samningsins. Þar verði sóknaráætlunin rýnd og framgangur hennar metinn. Jafnframt er fyrirhugað að taka fyrir fleiri þætti austfirskis samfélags en þá málaflokka sem hér eru til umræðu.

2. Gildi Austurlands

KRAFTUR – FJÖLBREYTNÍ – SAMSTAÐA – SKÖPUN - GÆÐI

Austurland er fyrirmyndarsamfélag þar sem atvinnu- og menningarlíf er kröftugt og fjölbreytt.

Til staðar er öflugt velferðarkerfi sem einkennist af samstöðu, trausti og sterku tengslaneti innan og utan landshlutans.

Á Austurlandi er gott að búa og jafnvægi milli atvinnu og einkalífs í hávegum haft. Íbúafjölgun er stöðug, um og yfir landsmeðaltali.

3. Hlutverk Austurlands

- Stuðlað er að jákvæðri uppbyggingu atvinnulífs í landshlutanum með því styðja markvisst við frumkvöðla og ný sem eldri fyrirtæki.
- Á Austurlandi er gróskumikið, kröftugt og fjölbreytt menningarlíf sem stuðlar að auknum lífsgæðum íbúa.
- Menntunarstig á Austurlandi er sambærilegt við aðra landshluta og námsþjónusta og framboð á fjarnámi og staðbundnu námi í heimabyggð er fjölbreytt. Virk samvinna er á milli aðila í atvinnulífinu og þeirra sem starfa að menntun, menningu og nýsköpun. Frumkvöðlastarf og skapandi greinar eru öflug á Austurlandi.
- Austurland er áhugaverður valkostur fyrir ungt fólk til búsetu og starfa. Nægt húsnæði er í boði, bæði til kaups og leigu.
- Lífsgæði íbúa eru góð. Þeim líður vel innan um nýjan og vaxandi atvinnurekstur tengdan ferðaþjónustu og ferðamennsku.
- Hlúð er að börnum og ungmennum og sköpuð skilyrði fyrir því að þau eigi góðar minningar frá æsku tengdar sinni heimabyggð þannig að þau vilji og geti snúið heim aftur að námi loknu.
- Samgöngur eru eflidar innan landshlutans og til hans, í lofti, láði og legi. Öflugar og öruggar samgöngur eru forsenda allrar uppbyggingar.
- Vöxtur, nýsköpun, gæði og samstarf eru einkennisþættir í menningarstarfi á Austurlandi.
- Öflugar menningarmiðstöðvar eru starfræktar áfram í landshlutanum og eflidar.
- Listnám barna og ungmenna er öflugt í landshlutanum og er hluti af bæði formlegri og óformlegri menntun.
- Starfandi listamenn eru fjölmargir í landshlutanum.
- Skapandi greinar hafa náð kjölfestu í landshlutanum. Þær byggja á atvinnu- og menningarstefnum sveitarfélaga.
- Austurland er þekktur áfangastaður ferðamanna sem hefur sterka innviði og gæðaðþjónustu byggða á nánd við mannlíf, náttúru, menningu og afurðir svæðisins.
- Nýting auðlinda landshlutans í heimabyggð er í hávegum höfð.
- Gæðavitund, sjálfbærni, umhverfisvitund og þjónustulund eru lykilatriði sem styðja við uppbyggingu samfélagsins.

- Unnið er með frumkvöðlasetrum í landshlutanum til að efla framfarir og stuðla að virðisaukandi auðlindanýtingu í heimabyggð.
- Unnið er öflugt markaðsstarf þar sem kynnt eru þau fjölmörgu tækifæri sem bjóðast á Austurlandi.
- Stundaðar eru rannsóknir á fjölbreyttum fræðasviðum á Austurlandi.
- Allir hafa sama aðgang að heilbrigðisþjónustu og annarri grunnþjónustu.
- Á Austurlandi er í gildi svæðisskipulag fyrir landshlutann allan.

4. Staða landshlutans

Eftirfarandi greining byggist að miklu leyti á greiningu Byggðastofnunar frá 2014 á Austurlandi en einnig öðrum gögnum, s.s. eldri sóknaráætlun, niðurstöðum rannsóknarinnar „Heima er þar sem Eyjahjartað slær“ og ekki síst fjölbreyttri og yfirgrípsmikilli þekkingu þeirra aðila sem tóku þátt í gerð sóknaráætlunar.

4.1. Lýðfræði og þróun mannauðs

Þann 1. janúar 2016 bjuggu 10.281 á Austurland sem er fækkun frá fyrra ári en fjölgun ef litið er til ársins 1998, rúm 3%. Karlar eru sem fyrr töluvert fleiri en konur, 5.412 á móti 4.869 eða rúmlega 10% fleiri. Tvö sveitarfélög skera sig úr í íbúafjölda, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð á meðan önnur sveitarfélög er mun fámennari og í mörgum þeirra viðvarandi fólksfækkun.

Styrkleikar byggðakjarna	Veikleikar byggðakjarna
<ul style="list-style-type: none"> • Fjölbreytni í stærð og gerð. • Mið-Austurland sterkt hvað varðar fjölbreytni atvinnulífs, menningu og þjóðerni. • Hefð fyrir samvinnu innan landshlutans. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hætta á valdaójafnvægi vegna mismunandi stærðar sveitarfélaga. • Jaðarbyggðir margar veikar hvað varðar íbúapróun, kynjahlutföll, aldurs-samsetningu og fjölbreytni í atvinnulífi. • Hrepparígur (neikvæð umræða um nágrannabyggðir). • Byggðarlögin standa ekki undir kröfum um lífsgæði, s.s. ýmis konar grunnþjónustu.

Styrkleikar mannfjöldapróunar	Veikleikar mannfjöldapróunar
<ul style="list-style-type: none"> • Íbúafjölgun eftir árið 2000 á Egilsstöðum og Reyðarfirði. • Jafnvægi í búferlaflutningum 2011 – 2013, eftir umrót í kringum stóriðjuframkvæmdir. 	<ul style="list-style-type: none"> • Stöðug íbúafækkun í landshlutanum, 1400 brottfluttir umfram aðflutta frá Austurlandi síðustu 20 ár. • Ójafnt kynjahlutfall (fleiri karlar). • Viðvarandi fólksfækkun í minni byggðarkjörnum og dreifbýli. • Þar sem fækkar er skekkt aldursdreifing, ungu fólki fækkar og því eldra fjölgar. • Íbúum í öllum aldurshópum undir fimmtugu hefur fækkað heldur frá 1998 og aldurshóparnir yfir fimmtugu hafa stækkað.

	<ul style="list-style-type: none"> • Íbúavelta mikil í einstaka byggðakjörnum sem getur bitnað á uppbyggingu mannaúds. • Erfiðar samgöngur á milli byggðarkjarna.
--	---

Menntun og mannaúður

Rekstur grunnskóla var færður til sveitarfélaga árið 1996. Austfirsk sveitarfélög eru, líkt og annars staðar, því ábyrg fyrir því að tryggja öllum aðgang að leikskólum og grunnskólum. Þau bera einnig fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólanna en ríki sér um rekstur framhaldsskólanna. Alls eru þrír framhaldsskólar á Austurlandi; Menntaskólinn á Egilsstöðum, Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Verkmenntaskóli Austurlands. Auk þess er öflug framhaldsfræðsla í umsjá Austurbrúar og LungA skólinn, listalýðháskóli á Seyðisfirði er nýtekinn til starfa. Enginn háskóli er á Austurlandi og áður fyrr þurfti að flytja til Reykjavíkur, Akureyrar eða leita út fyrir landsteinana til að afla sér háskólamenntunar. Fjarnám í vissum greinum hefur verið í boði en mikilvægt er að auka framboð þess og fjölga námsgreinum svo íbúar geti haldið áfram að afla sér menntunar án þess að flytjast búferlum af svæðinu. Stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands er með starfsemi á Austurlandi.

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Svipað hlutfall íbúa og í öðrum landshlutum utan höfuðborgarsvæðis sem hefur lokið háskólaprófi. • Austurbrú býður aðstoð og aðstöðu til fjarnáms. • Fjölbreytni í framhaldskólanámi. • Fjölbreytni í framboði sí- og endurmenntunar. • Gott framboð og sókn í framhaldsfræðslu (ætluð fólki sem ekki hefur lokið framhaldsskólanámi). 	<ul style="list-style-type: none"> • Menntunarstig lægra en landsmeðaltalið. • Enginn háskóli á Austurlandi. • Erfiðar samgöngur. • Fjarnámsnemum hefur fækkað allra síðustu ár. • Vantar meiri fjölbreytni í framboði á sí- og endurmenntun.

4.2. Nýsköpun og atvinnuþróun

Í landshlutanum eru sterkar atvinnugreinar sem byggja á staðbundnu hráefni og vinnuafli er stöðugt. Framfarir í atvinnulífinu hafa verið miklar en frumkvöðlastarf og nýsköpun eru takmörkuð og skortur er á menntuðu starfsfólki. Innviðir samfélagsins eru sterkir en kerfið er viðkvæmt fyrir sveiflum og ýmsar grunnforsendur þarf að jafna með tilliti til aðstöðu, s.s. varðandi samgöngur, fjarskipti, heilbrigðisþjónustu og orkumál. Til að styðja framfarir í landshlutanum þarf að kortleggja mannaúðinn og byggja á styrkleikum samfélagsins.

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Stöðugt vinnuafli. • Staðbundið hráefni. • Traustir innviðir. • Sterkt atvinnulíf (t.d. sjávarútív., landbún., stóriðja, skógrækt, ferðaþjónusta). • Nálægð við Drekasvæðið/Norðurslóðir. • Egilsstaðaflugvöllur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Skortur á sérmenntuðu fólki í iðn- og tæknigreinum. • Skortur á störfum fyrir háskólamenntaða. • Gæðastarf í þjónustu. • Fjarskiptamál og nettengingar. • Dreifikerfi raforku og kostnaður.

<ul style="list-style-type: none"> • Hafnir. • Frumkvöðlasetur. • Öflugt miðsvæði. • Vatnajökulspjóðgarður. 	<ul style="list-style-type: none"> • Flutningskostnaður. • Fækkun opinberra starfa. • Heilbrigðisþjónusta takmörkuð. • Ósamræmi í markaðssetningu. • Innviðir viðkvæmir fyrir breytingum. • Fá framleiðslufyrirtæki. • Innanlandsflug. • Mikill niðurskurður í skógrækt síðustu ár. • Veik tenging Vatnajökulspjóðgarðs við sveitarstjórnir og annað atvinnulíf.
---	---

4.3. Menningarmál

Fjölbreytt menningarlíf er í landshlutanum, bæði atvinnu- og áhugamanna. Þátttaka í menningarviðburðum er almennt nokkuð góð þó það helgist vissulega af eðli viðburðanna. Á Austurlandi eru þrjár menningarmiðstöðvar sem hver sinnir mismunandi listformum (sviðlistir, myndlist og tónlist). Markvisst starf hefur átt sér stað síðustu ár í að efla skapandi greinar og þá eru vaxtartækifæri í listmenntun, með listnámsbraut ME og LungA-skólann fremst í flokki. Nokkrar stórar hátíðir eru árlegir viðburðir (t.d. Bræðslan, Eistnaflug og LungA-hátíðin) auk fjölbreyttrar listastarfsemi árið um kring. Skortur á fjármagni, slæmar samgöngur og fólksfæð hamla helst frekari uppbyggingu, þátttöku og samstarfi í menningarmálum.

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> • Mannauður. • Fjölbreytt framboð menningarviðburða. • Góður búnaður og aðstaða. • Gott og traust menningarsamstarf ríkis og sveitarfélaga. • Menningarmiðstöðvar. • Menningarstefna. • Öflugir neytendur á vissa tegund menningar. • Öflugt grasrótastarf. • Listabraut í ME og LungAskóli. • Fablab og uppbygging skapandi greina. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fordómar heimamanna. • Vöntun á listnámi /menningarlæsi. • Vantar meira samstarf. • Hrepparígur. • Starfsemin byggir of mikið á einstaklingum en ekki stofnunum. • Útrunnin menningarstefna. • Vantar skýrari sýn á menningarmiðstöðvarnar, þær vantar farveg. • Samgöngur. • Misvægi í fjárveitingum til íþróttar og menningar. • Lítil samfélög/dreifð byggð.

5. Framtíðarsýn og meginmarkmið

5.1. Lýðfræði og þróun mannauðs

- Samgöngur eru öflugar enda eru þær forsenda aukinnar samvinnu á milli sveitarfélaga og íbúa Austurlands.
- Góð fjarskipti eru á Austurlandi og ljósleiðari er í öllum landshlutanum.
- Mannauður á svæðinu er virkur, upplýsingar um hann liggja fyrir og mannauður er nýttur skipulega.
- Umhverfi Austurlands og ásýnd þess eru aðlaðandi fyrir íbúa og gesti.

- Austurland er kynntur sem vænlegur búsetukostur fyrir fjölskyldufólk og þannig er stuðlað að jafnara kynjahlutfalli, aldursdreifingu og fjölbreyttum atvinnutækifærum. Þessum árangri er náð með verkefnum á borð við hönnun áfangastaðarins Austurlands og svæðisskipulag.
- Aðgengi að tækifærum til menntunar á háskóla- og tæknisviði er greiður, það kveikir áhuga fólks á Austurlandi og dregur úr líkum á að fólk þurfi að flytjast af svæðinu.
- Grunnþjónusta á svæðinu vinnur vel saman svo mannauður nýtist vel og samfélagsleg virkni er öflug.
- Sveitarfélögin og samstarfsvettvangur þeirra eru öflug.
- Öflugur og opinn leigumarkaður er á Austurlandi.

5.2. Nýsköpun og atvinnuþróun

- Auðlindanýting í heimabyggð er í forgrunni, virðisaukandi starfsemi er öflug og sterk og hráefni á svæðinu eru unnin í fullunna vöru. Öflugustu fyrirtæki landshlutans hafa að jafnaði höfuðstöðvar sínar á svæðinu.
- Gagnrýnin og skapandi hugsun er ríkjandi í starfandi fyrirtækjum. Atvinnulífið tekur virkan þátt í nýsköpun og rannsóknum sem styrkir samkeppnisstöðu þeirra.
- Fyrirtæki og stofnanir hafa innleitt hönnunarhugsun sem verkferil í starfi sitt.
- Frumkvöðlasetur í landshlutanum eru sterk. Þannig skapast möguleikar á vexti sem felst í þekkingaruppbyggingu og stuðningi. Virk þjónusta er til staðar við starfandi fyrirtæki og einstaklinga sem vilja vinna að nýsköpun.
- Austurland, með aukinni umhverfisvitund, er grænt og samræmi er í eftirliti og upplýsingagjöf.
- Stutt er við uppbyggingu lítilla fyrirtækja og smáiðnaðar sem og fjölbreytni og frumsköpun.
- Skattalegir hvatar eru til að auka fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum og skattkerfið er markvisst nýtt til að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til nýsköpunar. Sömuleiðis eru skattalegir hvatar fyrir íbúa á svæðinu sem styðja við uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi.
- Á Austurlandi er þekking, hæfni og reynsla til að sinna opinberum störfum.
- Tengslanet atvinnulífs, rannsóknar- og menntastofnana er öflugt með tilliti til þekkingaruppbyggingar, með sérstaka áherslu á uppbyggingu í iðn- og tæknigreinum.
- Aðstaður eru þannig að menntaðir einstaklingar vilja búa á Austurlandi. Stuðningsmöguleikar og hvatar til að efla samstarf atvinnulífs, mennta- og menningarstofnana og rannsóknarstofnana eru fyrir hendi.
- Gæðavitund og þjónustustig eru öflug, mannauður er kortlagður, markaðssetning samræmd og umhverfisvitund sterk.
- Tekjustofn sveitarfélaga er tryggður, þau stuðla að og styðja við atvinnuþróun og nýsköpun.
- Greiðar samgöngur innan landshlutans sem utan eru lykilatriði í uppbyggingu öflugs atvinnulífs og framþróunar á Austurlandi. Austurland er ljósvætt.
- Sveitarfélög á Austurlandi starfa saman við úrlausn verkefna fyrir landshlutann.

5.3. Menningarmál

- Samstarf á sviði menningar og lista er öflugt. Stutt er við alþjóðlegt og innlent samstarf á menningarsviðinu. Samstarf er í kennslu listgreina, viðburðastjórnun/dreifingu viðburða og/eða milli byggðalaga.

- Menntun, menningarlæsi allra, frumsköpun og samstarf er öflugt þannig að listin dafnar listarinnar vegna og fjölbreytni er tryggð.
- Vel er hlúð að listamönnum á öllum aldri búsettum á Austurlandi og þeir studdir og hvattir til að miðla reynslu sinni og þekkingu.
- Ungt fólk af Austurlandi, sem menntað er í menningu og listum, er hvatt til þess að taka þátt í listuppbyggingu í landshlutanum og tengsl við þetta unga fólk er öflugt.
- Lögð er áhersla á það að skapa listnemum og ungu listafólki aðstöðu og möguleika til að starfa í heimabyggð á námstíma og eftir nám. Sveitarfélög greiða götu listamanna og annarra sem sækjast eftir því að starfa í heimabyggð.
- Listmenntun á grunnskólastigi er öflug.
- Söfn og setur á Austurlandi eru sterk, faglega og rekstrarlega. Þau varðveita þjóðararfinn af metnaði og bjóða upp á fjölbreytt framboð afþreyingar.
- Söfn á Austurlandi vinna saman og/eða sameinast í einhverjum tilfellum í samræmi við safnalög og áherslur á landsvísu.
- Rannsóknir á menningu og listum eru öflugar.

6. Aðgerðaáætlun

Í aðgerðaráætlun er farið yfir undirmarkmið landshlutans í hverjum málaflokki og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að ná settu marki. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem þar eru listaðar upp eru settar fram í forgangs röð í hverjum málaflokki fyrir sig. Þær eru ekki að fullu útfærðar, heldur lýsa frekar áherslum og hugmyndum um leiðir til að ná settum markmiðum. Þá eru tíundaðir þeir mælikvarðar sem stuðst verður við til að leggja mat á árangri.

Að lokum fylgja í aðgerðaráætluninni þau verkefni sem unnið verður að í hverjum málaflokki í nánustu framtíð.

6.1. Undirmarkmið - Lýðfræði og þróun mannaúðs

6.1.1. Bættar samgöngur

- Utanlandsflug um Egilsstaðaflugvöll.
- Lækkun á flugfargjöldum innanlands.
- Nauðsynlegar samgöngubætur á vegamannvirkjum landshlutans.
- Einangrun byggða er rofin og sameining byggða er auðvelduð með jarðgöngum. Vetrarþjónusta er öflug.
- Almenningsamgöngur eru sterkar og innanlandsflug er skilgreint sem almenningsamgöngur við höfuðborg Íslands.
- Gott aðgengi er að þjónustu á höfuðborgarsvæðinu sem og að Keflavíkurflugvelli.

Mælingar: Fjöldi samgöngubóta, flug um Egilsstaðaflugvöll, verð á innanlandsflugi, nýting og framboð almenningsamgangna, framlag hins opinbera til innanlandsflug.

6.1.2. Austurland fyrir alla

- Væntingar ungs fólks til svæðisins sem búsetukosts hafa verið kortlagðar.
- Austurland er kynnt gagnvart ungu fólki sem landshluti tækifæranna.

- Ungt fólk er hvatt til þátttöku í mótun og uppbyggingu samfélagsins á Austurlandi.
- Frumkvöðlahugsun meðal ungs fólks er öflug og frumkvöðlastarf og nýsköpun er hluti af austfirsku skólastarfi.
- Samræmi er á milli ýmis konar þjónustu og atvinnulífs (m.a. þannig að vinnutími bitnar ekki harkalega á fjölskyldulífi eða menningarlífi). Þannig er stuðlað að aukinni samfélagsþátttöku.
- Fólk vinnur færri vinnustundir.
- Sveitarfélög eru með móttökuáætlun til að taka vel á á móti nýjum íbúum.
- Sveitarfélögin hafa fegrun umhverfis og ásýnd þess að leiðarljósi við skipulagsvinnu.
- Íbúar Austurlands eru bestu kynningarfulltrúar svæðisins.
- Hlúð er að íþróttaiðkun í sinni fjölbreyttustu mynd á Austurlandi.

Mælingar: Fólksfjöldi, aldursdreifing, fjöldi nýstofnaðra fyrirtækja, ánægjuvög íbúa

6.1.3. Söfnun og miðlun upplýsinga

- Rannsóknarmiðstöð Austurlands safnar saman á einn stað upplýsingum er varða mannlíf og samfélag á Austurlandi.
 - Slíkar upplýsingar, sem eru í dag misaðgengilegar, veita yfirsýn yfir byggðamál, menntun, skapandi störf og vísindi.
 - Yfirsýn yfir þessa þætti er til hagsbóta fyrir landshlutann og stuðlar að nýbreytni og uppbyggingu.
 - Upplýsingarnar gagnast þar að auki til markaðssetningar á svæðinu, bæði til búsetu og atvinnuuppbyggingar.
 - Hægt er að svara spurningum á borð við spurningar um það hvað einkenni þann hóp sem staldrar stutt við á Austurlandi og hvað veldur mikilli íbúaveltu.
- Sameiginleg upplýsingagátt sveitarfélaga.
 - Upplýsingar nýtast bæði nýjum og eldri íbúum sem og fyrirtækjum til atvinnuuppbyggingar.
 - Listaðir eru upp atvinnumöguleikar, húsnæði, framboð á lóðum, menntunarmöguleikar, opinber stjórnsýsla, þjónusta, afþreyingarmöguleikar, tengslanet á svæðinu.

Mælingar: Tímasettar tillögur lagðar fram

6.1.4. Menntun á háskólastigi og tæknimenntun

- Stofnun útibús háskólastofnunar á Austurlandi.
- Sérhæfing með rannsóknum og kennslu í fögum þar sem Austurland stendur framarlega, t.d. skógrækt, ál, fiskiðnaður og ferðaþjónusta.
- Efling tækni- og verkmenntunar í framhaldsskólum landshlutans.
- Samstarf er á milli aðila í nýsköpun, námsfólks og fyrirtækja.
- Möguleikar fólks á fjarnámi eru ríkulegir.

Mælingar: Framboð á staðbundnu háskólanámi, framboð í tækninámi, fjöldi nemenda, fjöldi námsleiða í fjarnámi, fjöldi rannsókna sem unnar eru á Austurlandi.

6.2. Undirmarkmið - Nýsköpun og atvinnuþróun

6.2.1. Auðlindanýting í heimabyggð, kjarnaatvinnugreinar

- Bætt samkeppnisstaða með nýsköpun og rannsóknum.
- Auðlindir eru kortlagðar með tilliti til atvinnuþróunar.
- Hvatt er til virðisaukandi starfsemi með aukinni gæðastýringu.
- Stuðlað er að aukinni fjárfestingu í kjarnaatvinnugreinum landshlutans.
- Frumkvöðlasetur eru nýtt til stuðnings atvinnulífi.
- Opinberum störfum sem tengjast við auðlindir svæðisins er fjölgað.
- Nýliðun, fyrir tilstilli sérstakra átaksverkefna, er öflug.
- Nýsköpun og þróun atvinnulífs tekur mið af umhverfismennt og sjálfbærni.

Mælingar: Fjöldi fyrirtækja, hagnaður af virðisaukandi starfsemi, gæðastýring

6.2.2. Gæðastjórnun í þjónustu

- Markaðssetning er samræmd í gegnum átaksverkefni um Áfangastaðinn Austurland.
- Unnið er með umhverfisvitund og sjálfbærni. Þjóðgarðar og önnur náttúruverndarsvæði eru nýtt til fræðslu á því sviði.
- Eftirlitsiðnaður er skilvirkur, einfaldur og samræmdur.
- Mannauður er kortlagður.
- Tengsl atvinnulífs, rannsóknarstarfs og skóla eru öflug.
- Hvatakerfi sem tengist árangri og gæðum er í notkun.

Mælingar: Þjónustugæði mæld, þátttaka í gæðakerfi, mælingar á umhverfisvísium, talning á eftirlitsstofnunum

6.2.3. Uppbygging menntunar í tengslum við atvinnulíf

- Tengsl atvinnulífs, sveitarfélaga, rannsóknarstarfsemi og skóla eru öflug.
- Skapandi hugsun í starfandi fyrirtækjum er virk.
- Stuðningsmöguleikar og hvatar til að efla samstarf menntastofnana, rannsóknarstofnana og atvinnulífs eru margir og virkir.
- Það er fjölbreytni í menntunarmöguleikum, þar sem menntaðir einstaklingar geta skapað nýja sprota á nýjum sviðum.
- Atvinnulíf og yfirvöld hafa tileinkað sér hönnunarhugsun og nýta sem verkferla.
- Þörf atvinnulífsins fyrir sérhæft starfsfólk næsta áratug hefur verið kortlögð.
- Opinberum störfum í tengslum við menntun og rannsóknir hefur fjölgað.

Mælingar: Þátttaka í menntun, fjöldi rannsóknarstarfa, fjöldi opinberra starfa

6.2.4. Skattalöggjöf, aukin fjárfesting í rannsóknum og nýsköpun

- Skattalegir hvatar til fjárfestingar í vísindum og nýsköpun eru öflugir.
- Fyrirtæki sem styðja nema í starfsnámi, meistaranema og doktorsnema, fá skattafrádrátt vegna styrkjanna.

Mælingar: Tímasettar tillögur lagðar fram.

6.3. Undirmarkmið - Menningarmál

Eitt af mikilvægustu atriðunum til að styrkja og efla menningu er betri meðvitund um hvað er til staðar. Því er unnin greining á innviðum, svo sem aðstöðu og mannauði. Með Eyjahjartarannsókninni kemur þekking á styrkleikum og veikleikum svæðisins og einnig í samanburði við dreifbýl svæði í öðrum löndum. Mikilvægt er að halda greiningarvinnu áfram. Þá er frekari menntun frá unga aldri grunnurinn að því að efla menningarläsi og þar með að fjölga og styrkja nýttendur lista og menningar.

6.3.1. Listmenntun

- Kostir og gallar þess að sameina alla tónlistarskóla/listaskóla í einn stóran skóla á Austurlandi eru skoðaðir m.a. það fyrir augum að skapa meiri áhugi fyrir því að kenna við skólann og fleira fagfólk flytji til Austurlands. Á meðan þessi vinna er í gangi er unnið að frekari samvinnu milli tónlistarskóla þannig að fagþekking nýtist betur.
- Listnám fyrir börn er fjölbreytt, m.a. með auknu samstarfi grunnskóla í listnámi.
- Starfandi er listafarskóla fyrir börn í samstarfi við menningarmiðstöðvarnar þrjár.
- Kennsla í listgreinum í grunnskólum er öflug í samræmi við áherslur í nýrri aðalnámskrá. Unnið er með menningar- og listastofnunum landshlutans, s.s. söfnum og menningarmiðstöðvum.
- Listmenntun á framhaldsskólastigi er raunhæfur valkostur fyrir framhaldsskóla á landsvísu, það er gert með eflingu LungA-skólans og listnámsbrautar ME. Samhliða þessu er unnið að því gera heimavistir jákvæðari í hugum foreldra og nemenda.

Mælingar: Námsframboð og fjöldi menntaðra kennara í listgreinum í fræðslustofnunum, niðurstöður þróunarverkefnis um sameiningu tónlistarskóla/listaskóla.

6.3.2. Atvinnustarfsemi í listum

- Listamannalaun, sem samsvara tveimur árslaunum, hafa verið tekin upp á Austurland.
- Framþróun og listsköpun á Austurlandi eru tryggð með því að treysta og efla starfsemi menningarmiðstöðvanna.
- Stutt er við uppbyggingu skapandi greina.
- Stutt er við þá sem koma með hugmyndir og vilja leggja til samfélagsins með verkefnum eða viðburðum.
- Tengsl við ungt menntað listafólk frá Austurlandi eru öflug og þeim er viðhaldið.
- Fagfólk og áhugafólk/áhugamannafélög eru leidd saman.
- Stutt er við starfandi listamenn á svæðinu og verkefni þeirra.

Mælingar: Fjöldi listamanna sem þiggja listamannalaun og í hvaða listgreinum. Fjármagn til menningarmiðstöðva. Stefna sveitarfélaga í menningarmálum.

6.3.3. Menningarläsi og -þátttaka

- Rannsóknir og greining á menningu og listum eru öflugar.
- Áhugamannafélög í listum og menningu eru sterk og fá stuðning.
- Menningarmiðstöðvar standa að *Listahátíð Austurlands* þar sem listviðburðir eru markaðssettir sameiginlega.

- Skipulagðar eru ferðir á menningarviðburði – í kjölfarið verður til menningarstrætó.

Mælingar: Fjöldi rannsókna og greininga, rannsóknarniðurstöður, markaðssetning, stofnun listahátíðar, fjöldi og stærð starfandi áhugamannafélaga.

6.3.4. Söfn, setur og rannsóknir

- Samstarf safna á Austurlandi er öflugt.
- Ábyrgðarsafn er starfandi á Austurlandi í samræmi við safnalög.
- Safnauppbygging styður við uppbyggingu ferðaþjónustu á Austurlandi.
- Kannaðir hafa verið kostir og gallar þess að austfirsk söfn verði sameinuð.
- Átak hefur verið gert í fornminjaskráningu og varðveislu fornminja skv. skipulagi.

Mælingar: Fjöldi sýninga og viðburða í söfnum og setrum, veltutölur, stofnun ábyrgðarsafns, tímasettar vörður.

6.4. Verkefni 2016-2019

6.4.1. Lýðfræði og mannauður

- **Gerð svæðisskipulags fyrir Austurland.** Unnin verður skipulagsáætlun sem tekur allra sveitarfélaga á Austurlandi sem landfræðilegar, hagrænnar og félagslegrar heild. Í svæðisskipulagi er sett fram stefna viðkomandi sveitarfélaga um sameiginlega hagsmuni, s.s. byggðaþróun, samgöngur, náttúra, menning, auðlindir og þjónusta, svo eitthvað sé nefnt. Einnig á í svæðisskipulagi að útfæra landsskipulagsstefnu á viðkomandi svæði. Stefnumörkun svæðisskipulag má ekki vera skemmri en tólf ár. Samræmi verður að vera milli gildandi skipulagsáætlana innan sama svæðis. Hönnun áfangastaðarins Austurlands. Markmiðið er að þróa Austurland sem búsetukost fyrir fólk, fjölskyldur og fyrirtæki. Samhliða þeirri vinnu verður Áfangastaðurinn Austurland mótaður í samstarfi hagsmunaaðila, íbúa og sveitarfélög á Austurlandi. Aðferðafræði hönnunar er lögð til grundavallar í vinnunni en hún byggir á rannsóknarvinnu og samtali við íbúa og notendur (e. destination design). Verkefnið hófst 2014 og fellur vel að áherslum svæðisskipulags.
Gerð svæðisskipulags er áhersluverkefni á árinu 2016

6.4.2. Nýsköpun og atvinnuþróun

- **Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar.** Mikilvægur áfangi náðist þegar komið var á markaðsþróunarsjóði og áfangastaðasjóði til stuðnings flugrekstraraðilum sem hyggja á flug til áfangastaða utan stór-Reykjavíkursvæðis. Áfram verður unnið af fullum þunga að markaðsetningu Egilsstaðaflugvallar af hálfu hagsmunaaðila, s.s. fyrirtækja í ferðaþjónustu, Isavia, ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi en brýnt hagsmunamál að opna aðra fluggátt inn í landið.
Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar er áhersluverkefni á árinu 2016.
- **Ljósleiðaravæðing Austurlands.** Sveitarfélögin vinna í sameiningu áætlun um ljósleiðaravæðingu landshlutans er tekur mið af skýrslu starfshóps um alþjónustu í fjarskiptum og útbreiðslu háhraða nettenginga á Íslandi. Stefnit verði að því að verkefninu verði lokið 2020.

6.4.3 Menningarmál

- **Listahátíð Austurlands.** Unnið verði að því að koma á fót Listahátíð Austurlands með samvinnu menningarmiðstöðva Austurlands, menningarfulltrúa sveitarfélaga og menningarfulltrúa Austurlands, safna, menningarsetra og grasrótar. Í tengslum við verkefnið verði sérstaklega hugað að eflingu menningarlæsis og fræðslu. Listahátíð Austurlands verði ýtt úr vör vorið 2019.
- **Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi.** Starfshópi um uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi er falið að skilgreina þrjú verkefni á þessu sviði sem ráðist verði í innan fimm ára. Starfshópurinn vinnur náið með fagráði sem í sitja fulltrúar innlendra og erlendra háskólastofnana sem og fulltrúar fagstofnana á Austurlandi. Verkefnið hefst vorið 2016.

7. Innleiðing, mat og endurskoðun

Farið verður í innleiðingu þeirra verkefna sem hér hafa verið tíunduð, sum hverra þegar á árinu 2016, annarra á árinu 2017. Árlega verður farið yfir framvindu þessara verkefna í tengslum við greinargerðir til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál og lagt mat á líkur þess að verkefnið nái fram að ganga og gerðar breytingar ef þörf krefur. Þetta mat fari fram samhliða endurskoðun á sóknaráætlun landshlutans.

8. Samantekt

Hér hafa verið tekin saman greining, markmið og aðgerðir fyrir Austurland næstu fimm árin. Austurland er land tækifæranna, tækifæra sem þarf að virkja betur og nýta. Samræming atvinnu- og einkalífs, kröftugt atvinnulíf, styrk grunnþjónusta og fjölbreytt framboð menntunar, menningar og lista í stórbrotinni náttúru, eru forsendur til vaxtar og framfara. Til að svo geti orðið þarf að vera til staðar vilji til að takast á við áskoranir, finna lausnir og vinna saman að góðum árangri.

Sóknaráætlun Austurlands var fyrst samþykkt í júní 2015.

Endurskoðun fór fram í mars og apríl 2016.